

Sandkorn

Árshátíðarblað
Sandgerðisskóla 2019



Vöxtur — virðing — vilji — vinátta



Útgáfa Sandkorns 2019

Aþena Rún Helgadóttir

Birgitta Sól Bjarnadóttir

Elísabet Inga Björgvinsdóttir

Kristrún Blöndal

Lovísa Ósk Ólafsdóttir

Ábyrgðarmaður: Örn Ævar Hjartarson



Forsíðumynd: Heiða Björg Valdimarsdóttir

Efnisyfirlit

Vorferð	4-5
Frægur úr Sandgerði.....	6
Lífið eftir grunnskólann.....	7
Stóra upplestrarkeppnin.....	8
Viðtal við kennara.....	10
Vina spurningar.....	11
Minningar frá kennara.....	12-13
Kveðja frá fyrrverandi kennara.....	15
Framtíðarspá.....	16-18
Vinaspurningar.....	19
Grettur.....	20
Systra spurningar.....	21
Hver segir hvað.....	22-24
Öskudagur.....	25
Kveðja frá fyrrverandi kennara.....	27
Skólahreysti.....	28
Öskudagur.....	29

Vorferð 9. RLG

9.RLG vorferð (Árgangur 2003)

Vorferðin í 9.bekk, ahh sú var góð. Eftir þessa ferð urðum við bekkurinn aðeins nánari, við getum núna talað aðeins betur um tilfinningar hvors annars án þess að verða vandræðaleg eða feimin. Samband okkar við Rögggu, Hönnu Sigggu og Erlu Jónu varð líka mjög sterkt. Al-lavega við skulum byrja að tala um ferðina, það byrjaði að við fórum uppí skóla og beint í rútna. Strákarnir rifumst um að fá að vera aftast þannig við leyfðum þeim. Við fórum fyrst í Hveragerði í hópaleiki við vatnið. Það var frekar heitt en vindur. Eftir hópaleikina fórum við í aparólu yfir vatnið og hvað það var skemmtilegt. Flest allir fóru og sumir tvisvar sinnum. Á leiðinni tilbaka niður datt Sóldís niður smá spöl af hólnum og meiddist í hnénu. Vegna þess þurfti hún að vera með teyjuband restina af ferðinni. Eftir að allir voru komnir niður fórum við á pizzustað sem var nálægt. Við fengum hlaðborð af pizzum og átum eins og svín, enda vorum við svakalega svöng. Eftir pizzuna fórum við í hesthúsin og fengum að fara öll á hestbak. Það var svo skemmtilegt, meira segja sumir gleymdu sér og fóru vitlausa leið. Það var einn sem missti stjórn, datt og hesturinn steig á löppina hans, greyið Birkir. Og svo varð hesturinn hans Sigurjóns alveg brjálaður og Sigurjóni stóð ekki á sama og öskraði og öskraði. Við vorum í hestaferðinni í alveg vel langan tíma og það var mikið hlegið. Eftir það fórum við í Paint Ball. Reyndar voru tveir nemendur sem fóru ekki, einn sem var meiddur og hinn var hreinlega bara steinsofandi (Sóldís og Alexía). Í Paint Ball var skotið Hilmar í smettið og hann varð sko pirraður en eftir svona fimm mínútur var hann byrjaður að hlæga yfir þessu.

Eftir Paint Ball var það bara leiðin í gistihúsið, Hjarðarból, og að fá heitan og góðan kvöldmat. Eftir kvöldmat fórum við inn í herbergin okkar að gera allt kózý og svo seinna um kvöldið troðum við okkur í heitupottana. Þetta voru pínulitlir heitapottar og það var alveg ágætlega kalt úti. Það komu svo nokkrir túristar og allir í bekknum tróðu sér í einn pottinn og ekki voru allir að fíla það. Túristarnir horfðu og hlógu af okkur því þetta var ekki beint það þægilegasta í heimi. Eftir þessa æðislegu ferð í pottinn ákváðum við að fara uppúr og inn í herbergin að gera okkur til fyrir svefninn, eða svo sögðum við.



Við stelpurnar fórum í herbergið okkar og kveiktum á K-pop og vorum að borða snakk og drekka gos. Alexía fór í sturtu og gerði allt blautt, hurðin var rennandi og svo var komið vatn inn í herbergið sjálft. Eftir Alexíu fór Sóldís og hún söng eins enginn væri að hlusta en það sko heyrðist. Strákarnir höfðu líka gaman, Óskar braut glugga því hann læsti sig inná klósetti og reyndi að fara út í gegnum gluggann.

Næsta morgun vöknudum við snemma og fengum okkur góðan morgunmat því það var ágætlega löng ferð til Þorlákshafnar, við þurftum s.s. að fara lengri leiðina til Eyja. Við fengum sjóveikistöflur fyrir sjóferðina og hóstasaft svo enginn myndi æla en það gekk ekki svo vel því að alveg nokkrir ældu liggur við yfir sig. Restin svaf alla leiðina en þrátt fyrir það þá var þetta alveg skemmtilegt. Þegar við vorum komin til Vestmannaeyja þá löbбуðum við að hótelinu, hótél Hamar og það var svo geggjað- við gátum ekki hætt að tala um hversu flott það var, þetta leit út eins og lítil geimskip með LED ljósum og sjónvarpi inn í. Við settum dótið okkar inn í okkar hylki og fórum svo út á segway eða það var planið en planið breyttist og við fórum á pínulitlar ömmu-vespur. Það var alveg vel skemmtilegt. Eftir það fórum við að borða á Canton. Canton er kínverskur veitingastaður og þar prófuðum við að nota prjóna. Það var alveg vel góður matur og við borðuðum vel. Við enduðum á því að strákarnir fóru í sund með Erlu Jónu og Hönnu Siggú á meðan að stelpurnar fóru með Rögggu að skoða um í bænum og svo kom frjáls tími. Við stelpurnar stálumst í að kaupa orkudrykki og geðveikt mikið nammi.

Svo var dagur 3, við fengum okkur morgunmat og svo fórum við í gönguferð á Eldfell með leiðsögn og eftir það fórum við í Eldheima Pompey norðursins. Í hádeginu fórum við að borða á 900 Grillhús restaurant og eftir matinn fórum við í sjóferð með Ribsafari og skoðuðum fuglalíf og lögun Vestmannaeyja frá sjó. Klukkan 3 fórum við í Sæheima og eftir það kom aftur frjáls tími og allir gerðu sitt.

Dagur 4, síðasti dagurinn. Við fengum aftur góðan morgunmat og svo fórum við í sund og á milli 10:30-12:30 var aftur svo frjáls tími. Við fórum í pizzu party á gistiheimilinu Hamri og svo klukkan 3 fórum við í Herjólfr og svo var það bara leiðin heim.

Með kveðju, Sóldís og Hrefna



Frægur úr Sandgerði

1. Fullt nafn? Mikael Neville Anderson
2. Hvaða grunnskóla varstu í? Grunnskólanum í Sandgerði
3. Hvað er það erfiðasta við að vera frægur? Myndi ekki segja að það sé neitt erfitt að vera frægur en ef ég verð eins frægur og Cristiano Ronaldo þá myndi ég líklega hafa aðra skoðun.
4. En það besta? Það er gaman að fólk þekki mig.
5. Hvað ertu með marga fylgjendur? 4500 á samskiptamiðlum.
6. Hvað eru helstu áhugamálin þín? Mér finnst gaman að spila FIFA og svo bara slaka á að horfa á Netflix.
7. Hulinn hæfileiki? Ég er mjög góður að skrifa ritgerðir.
8. Bestu vinir? Ég á nokkra vini sem ég hef átt lengi þeir eru eins og bræður mínir.
9. Uppáhalds söngvari? Bruno Mars.
10. Hvað gerir þú í frítímanum þínum ? Spila FIFA og horfa á Netflix.
11. Skilaboð til nemenda í Sandgerði? Muna að njóta lífsins og vera hamingjusamur. Það er mikilvægast.






LÍFIÐ EFTIR GRUNNSKÓLA

Ég heiti María Rós Björnsdóttir og er fyrrum nemandi í Grunnskólanum í Sandgerði. Eftir grunnskólann ákvað ég að fara í Fjölbrotaskóla Suðurnesja og er á Félagsvísindabraut á Sálfræði línu þar sem ég stefni á að læra barnasálfræði í framtíðinni. Ástæðan fyrir því að ég valdi að fara í FS en ekki eitthvert annað er sú að ég var bara ekki tilbúin í að vakna mjög snemma til að taka strætó í bæinn eða flytja að heiman strax. Einnig var ég ekki tilbúin að missa svona mikinn frítíma þar sem ég æfi íþrótt og var ekki tilbúin í að hætta í henni. Mér leist líka bara mjög vel á Fjölbrotaskóla Suðurnesja og sé ekkert eftir því að hafa valið hann.

Það sem mér fannst breytast mest við það að fara úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla var það hvað þú þarft að passa uppá þig og námið þitt sjálf, það er enginn kennari sem er þæla í því hvort þú sért að falla eða ekki. En að mínu mati þroskast maður bara við það og lærir að vera sjálfstæður. Þegar ég útskrifaðist úr Grunnskólanum í Sandgerði var ég að deyja úr stressi yfir því að vera að fara í framhaldsskóla en var samt alveg spennt líka. Einnig fannst mér svolítið erfitt að maður er ekki alltaf í tímum með vinum sínum og þekkir jafnvel engann í tímanum en allt stressið yfir þessu var algjör óþarfi. Ef ég ætti að gefa ykkur tips fyrir framhaldsskóla þá væri það að reyna að vera opin og tilbúin í að kynnast nýju fólki, taka þátt í félagslífinu og þá er svo miklu skemmtilegra í skólanum að mínu mati. Ég mæli einnig með því að bjóða sig fram í nefndir ef þið hafið áhuga á því að taka þátt í félagslífinu og kynnist þar af leiðandi nýju fólki. Ég bauð mig t.d. fram í Árshátíðarnefndina og var valin í hana og hef kynnst frábæru fólki og er ótrúlega gaman að taka þátt í svona skipulagningu. Þegar ég vakna á morgnana finnst mér ekki leiðinlegt að vera að fara í skólann því ég hitti alltaf vini mína og er einnig búin að kynnast svo mikið af frábæru og skemmtilegu fólki.

FS er skóli sem allir ættu að geta fundið sér nám við hæfi og svo eru mjög mismunandi típur af fólki að það er eitthvað fyrir alla. Það sem ég sakna mest við grunnskólann er allir kennararnir og starfsfólkið, mér finnst frábært að þau hafi ennþá áhuga á því hvernig okkur fyrrum nemendum skólans gengur þrátt fyrir að við séum ekki lengur í þeirra höndum.


María Rós Björnsdóttir



Undankeppni fyrir Stóru upplestrarkeppnina fór fram í skólanum, þriðjudaginn 5. mars. Nemendur í 7. bekk hafa verið við æfingar frá því í haust og var þetta lokapunktur keppninnar innan skólans. Allir nemendur hafa lagt mikin metnað í æfingar í vetur fyrir keppnina og var keppnin því virkilega hörð í ár.

Þrír fulltrúar tóku þátt fyrir hönd Sandgerðisskóla í lokakeppninni sem fram fór í Gerðaskóla – Garði, 14. mars síðastliðinn. Þar mætast fjórir skólar: Sandgerðisskóli, Gerðaskóli, Grunnskólinn í Grindavík og Stóru-Vogaskóli.

Það voru þau Alexander Freyr Andrésón, Díana Guðrún Kristinsdóttir og Sara Mist Atladóttir og óskum við þeim til hamingju með árangurinn.





SAMHERJI FISKELDI

Hár, snyrti og nuddstofan Spes
Styrkti útgáfu Sandkorns 2018

Viðtal við kennara

Nafn: Margrét Bjarnadóttir

Hvað myndir þú gera við 100 milljóna lottóvinning? Ferðast um heiminn og kaupa með hús á Tenerife.

Uppáhaldsliðið í boltanum? Reynir og Man Utd.

Hvaða dagur er skemmtilegastur? Jóladaður.

Hvað er draumastarfið? Að vinna með fólki.

Hvaða kennari er skrítnastur? Þeir eru allir skrítnir.

Vildir þú verða þroskajálfi þegar þú varst lítil? Nei ég ætlaði að verða hjúkrunarfræðingur.

Hvaða er mest pirrandi við skólann? Of langt sumarfrí.

Eitthvað að lokum? Þið eruð frábær.



Nafn: Hólmur Örn Rúnarsson

Hvað myndir þú gera við 100 milljóna lottóvinning? Ferðast, borga skuldir og spara.

Hvaða kennari er skrítnastur? Ómar og Kári.

Af hverju eru þeir skrítnastir? Þeir halda með Liverpool.

Hvað er mest pirrandi við skólann? Neikvætt fólk.

Vildir þú verða kennari þegar þú varst lítil? Nei.

Hvað er draumastarfið? Þjálfari hjá Barcelona.

Hvað er uppáhaldsliðið í boltanum? Keflavík og Víðir.

Hvaða dagur finnst þér skemmtilegastur á árinu? 10. des. því þá á ég afmæli.

Eitthvað að lokum? Áfram Pistons.



Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Ester um Emilíu

Spurning—svar


- 1 Uppáhalds lag? (I want it that way) Rangt
- 2 Uppáhalds dýr? (köttur og refur) Rétt
- 3 Uppáhalds matur? (pizza) Rétt
- 4 Uppáhalds kennari? (Kolla) Rétt
- 5 Uppáhalds fag? (Íþróttir) Rétt
- 6 Uppáhalds söngvari? (Rihanna) Rétt
- 7 Afmælisdagur? (25 nóv) Rétt
- 8 Stjörnumerki? (Bogamaður) Rétt
- 9 Hvor er skemmtilegri danska eða stærðfræði? (stærðfræði) Rétt
- 10 Mest pirrandi? (óeðlilega löt) Rangt
- 11 Dulinn hæfileiki? (góð í að syngja) Rangt
- 12 Draumaferðin ykkar? (Bora Bora eða N.Y.) Rétt
- 13 Hawaii eða spánn? (Hawaii) Rétt
- 14 Uppáhalds valfag? (Bakstur) Rétt
- 15 Uppáhalds fatamerki? (Nike) Rétt
- 16 Draumastarfið? (Dýralæknir) Rétt



Emilía svarar um Ester

Spurning—svar (rétt svar)

- 1 Uppáhalds lag? Ekkert. Rétt
- 2 Uppáhalds dýr? Hundur. Rétt
- 3 Uppáhalds matur? Pizza. Rétt
- 4 Uppáhalds kennari? Kolla. 1/2
- 5 Uppáhalds fag? Íþróttir. Rétt
- 6 Uppáhalds söngvari? Enginn. Rétt
- 7 Afmælisdagur? 25-mars. Rétt
- 8 Stjörnumerki? Hrútur. Rétt
- 9 Hvor er skemmtilegri danska eða stæ? Danska. Rétt
- 10 Mest pirrandi? Að tapa. Rangt.
- 11 Dulin hæfileiki? Lesa hugsanir. Rangt
- 12 Draumaferðin ykkar? New York og Bora Bora. Rétt
- 13 Hawaii eða spánn? Hawaii. Rétt
- 14 Uppáhalds valfag? Skólahreysti. Rétt
- 15 Uppáhalds fatamerki? Nike og Adidas. Rétt
- 16 Draumastarfið? Atvinnumaður í fótbolta. Rétt



My fabulous 17 dinosaurs

Ragga umsjónarkennari síðustu þriggja ára henti í minningarmola frá þessum þremur árum sem hún hefur verið með bekkinn.



- Ég man eftir bekknum úr 8. bekk, fékk þau í umsjón fermingarárið ... svo flott að ég vildi strax vera með þeim út grunnskólann.
- Man eftir gúmmelaði frá Erlu Jónu.
- Ég man eftir 8. bekkjar menningarferð, bíóferð, Fernandos pizza, ótrúlega flottur og kurteis hópur.
- Pælingar fyrir árshátíð þar sem þurfti að nota skátabúninga.
- Foreldra- og nemendahitting þar sem foreldrar skipulögðu spilakvöld.
- Kósý dagur á föstudegi, nammi og bíómynd.
- Fórum á flotta sýningu leikhópsins LÚDÓ en þar voru 3 bekkjarsystur að leika.
- Kósý stund í KEF, bíó, út að borða, gíst í skátahúsi og horft á video.
- Risasnúðaveisla.
- Náttfata – og bangsadagur.
- Skemmtidagur í fimleikasalnum í KEF.
- Jóla- og páskabingóin með svo marga vinninga að það þurfti að sameina nokkra í hvert sinn.
- Jólaheimsóknir í gúmmelaði í Norðurkot til Hönnu Siggú.
- Óvænta brúðkaupsgjöfin ... snerti mig djúpt.
- Dönskutímana með Marianne.
- Myndbandið með kynningum ykkar á ykkur þar sem þið notuðuð egg sprengt á hausinn ykkar.
- Flotti strákadansinn sem sló í gegn hjá áhorfendum.
- Þegar við reyndum að hrekkja skólastjórann með blöðrufyllta skrifstofu en ekki hægt að nota videóið.
- 9. bekkjar ferðalagið.
- Hestaferðin.
- Heitu pottarnir.
- Sjóveiku nemendurnir sem byrjuðu á hamborgarakaupum í stað þess að fara í koju á leið með Herjólfu til Eyja.
- Eyjagistingin, nemendur í svefnhylkjum, misgóðum.
- Þegar einn nemandi spurði hvort ég væri í náttkjól frá 1900 og uppskar hlátur allra en skildi bara ekkert í því afhverju allir voru að hlæja, hefði ekki verið neitt fyndið, ekkert djók hehehe ...
- Bátsferðin, Ribsafari, í kringum eyjarnar.
- Sprangið.
- Söngur strákanna með nemendum frá Fjallabyggð.



SUÐURNESJA
BÆR

ICELANDIC

NÝ-FISKUR

Kveðja frá gömlum umsjónarkennurum

Elsku bestasti gamli bekkurinn minn <3

Ég tók við ykkur í 6. bekk og fylgdi ykkur út 7. bekk. Það var alveg æðislegt að kenna ykkur og voru þið alltaf hlý, einlæg, dugleg og fyndin. Það að vera besti bekkurinn var okkur mikið kappsmál og vildum við vinna allt sem hægt var að vinna. SEM VIÐ AUÐVITUM GERÐUM!!

Við unnum öll lestrarátök

Við unnum alltaf þátttökuverðlaunin í Lions

Við unnum líka bæði árin í lífshlaupi skólans/Göngum í skólann

Við vorum með besta atriðið á Reykjum af öllum skólunum

Við unnum 66°N húfur í Reyklausa bekkur

Ég á eftir að sakna ykkar alveg gríðalega mikið, en á sama tíma hlakka ég svo til að fylgjast með ykkur blómstra í framtíðinni. Þið eruð sigurvegarar!

Ykkar Fríða





Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Röggu kennara til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.

Alexía Írena Fuglö Jónsdóttir

Alexía fer í FS. Hún verður partydrottning skólans og útskrifast sem stúdent á hugvísindabraut. Þaðan fer hún í Háskóla Íslands og gerist sérfræðingur í kóresku, hún fer svo til Kóreu hittir ástvin sinn og sest þar að. Þau eignast tvö börn og lifa hamingjusöm til æviloka. Köttur út í mýri setti á sig stýri, úti er ævintýri.

Birkir Þór Sigurðsson

Birkir útskrifast úr MR en flytur svo til Noregs þar sem hann fer í módelbransann hann verður vinsælasta módelið á Norðurlöndum deitar heitustu gelluna í norska módelbransanum. Þau eignast eitt barn og Chihuahua hund, flytja til L.A. þar sem þau mala gull í módelbransanum.

Daði Fannar Reinhardsson

Daði fer í Versló eftir grunnskóla hann sérhæfir sig í raunvísindum. Þaðan fer hann í Háskóla Íslands og útskrifast sem efnafræðingur hann þróar lyf við kvefi og malar gull. Hann tók sér samt frí eftir og fór í heimsreisu eftir útskrift í samstarfi við UNICEF að hjálpa börnum í Afríku. Hann kynntist draumadísinni í Eþíópíu þar sem hún rak skóla fyrir munaðarlaus börn, þau giftust og eignuðust tvö börn.

Hilmar Geir Ingibjargarson

Hilmar Geir útskrifast sem stærðfræðisnillingur úr framhaldsskóla og háskóla. Hann gerist stærðfræðiprófessor og kennari hjá Háskóla Íslands. Hann verður einnig þekktur fyrir að vera sérfræðingur í sögu seinni heimstyrjaldarinnar og heldur fyrirlestra um allan heim. Hann finnur ástina í lífi sínu í Þýskalandi. Þau eignast börn og dúfu.

Hrefna Líf Björnsdóttir

Hrefna Líf útskrifast úr FS og fer svo að vinna sem sjálfbóðaliði hjá dýraathvarfi þar ákveður hún að fara í Háskóla Íslands að mennta sig í dýralækningum. Hún stofnar svo sinn eigin dýraspítala þar sem hún finnur draumaprinsinn og þau eignast þrjú börn, þrjá hunda, þrjá ketti, þrjá páfagauka og þrjár skjaldbökur.

Kristján Mark Jónsson

Kristján útskrifast sem stúdent á náttúrufræðibraut úr framhaldsskóla. Hann kemst í landsliðið í fótbolta og gerist svo atvinnumaður. Hann ferðast um allan heim og gerir frábæra hluti í boltanum. Hann kynnist ástinni í Grikklandi og eignast með henni tvö tviura. Þau búa í rómverskri höll sem Kristján fær í verðlaun fyrir frækinn fótboltaferil. Þar sem þau eru líka með gíraffa og fíl í garðinum.

Kristrún Erla Guðmundsdóttir

Kristrún Erla fer á myndlistabraut í FS og útskrifast þaðan með hæstu einkunn. Svo fer hún til Bretlands að læra grafíska hönnun. Eftir langa skólagöngu ákveður hún að flytja aftur til Íslands. Hún finnur draumaprinsinn hér heima og eignast með honum þrjú börn, þau búa á litlum bóndabæ rétt fyrir utan Dalvík.

Ouanis Djouihel

Ouanis útskrifast af íþróttabraut FS - Hann er meðlimur í leynifélagi Hjólabrettagegis sem fer um gjörvallan heiminn og sýnir listir sínar á hjólbrettum. Hann gengur einnig í Íslandsmeistaralið Parkour og tekur þátt sem fyrsti Íslendingurinn á Ólympíuleikunum og vinnur sér inn gull. Þar vekur hann áhuga kvikmyndagerðamanna og verður frægur áhættuleikari. Hann kynnist ríkri og fallegrri leikkonu og eignast með henni sjö börn, þrjú ættleidd.

Ólafur Fannar Þórhallsson

Ólafur Fannar fer í FS þar sækir hann auðvitað um að komast í nemendaráð og rúllar því upp. Eftir FS gerist hann atvinnumaður í fótbolta og verður eftirsóttur um allan heim hann er talinn jafnast á við Gylfa ef ekki betri! Þegar hann leggur skóna á hilluna fer hann öllum að óvörum í Kennaraháskólann og útskrifast sem íslenskukennari. Fljótlega eftir það er hann orðinn þriggja barna faðir og verður skemmtilegur fótboltaþappi.

Óskar Karl Jóhannesson

Óskar Karl útskrifast sem kokkur frá Mennaskólanum í Kópavogi og fer að vinna hjá skemmtiferðaskipalínu. Þar kynnist hann miljonamæringi frá Abu Dabi sem ræður hann sem einkakokk. Hann vinnur hjá honum í fjölda ára og verður forríkur, kemur heim og opnar veitingastað í Reykjavík. Hann kynnist eiginkonu sinni á smurðbrauðskynningu í Danmörku og eignast með henni þrjú börn.

Patryk Szablewski

Patryk fer í fjölbraut og útskrifast á tölvufræðibraut þaðan fer hann í háskólann og lærir forritun. Eftir það fær hann vinnu hjá CCP hann fær hugmynd að geggjuðum tölvuleik sem verður hrikalega vinsæll. Hann græðir á ták og fingri og kaupir sér risahús hér heima og líka sumarhús í Póllandi. Hann kynnist ástinni í vinnunni þau giftast og eignast fimm börn.

Róbert Sindri Stefánsson

Róbert útskrifast í viðskiptafræði úr Versló. Hann fer í forritun í Háskólanum. Hann er sendur til Spánar á rafípróttamót sem hann sigrar með yfirburðum. Hann hittir draumadrottninguna sína líka þar, tekur hana með heim giftist henni og eignast með henni barn og verður draumapabbi.

Rúnar Ágúst Sveinsson

Rúnar fer í félagsvísindanám í FS og útskrifast sem stúdent. Þaðan fer hann í Kennaraháskóla Íslands. Eftir nám tekur hann sér ársfrí og fer í Evrópureisu. Hann ákveður síðan að flytja aftur heim í Sandgerði og verða samfélagsfræðikennari á unglíngastigi. Hann verður astfanginn af samstarfsfélaga sínum, þau giftast og eignast fjögur börn.

Sigurjón Arnar Jóhannesson

Sigurjón Arnar fer í FS eftir grunnskóla og útskrifast þaðan sem vélvirki. Hann spilar fótbolta með Reyni á meðan á námi stendur. Hann vill sérhæfa sig meira í velvirkjanáminu og ákveður að fara í nám til Danmerkur. Hann tekur ranga flugvél og endar í Þýskalandi þar sem hann kynnist glæsilegri konu og eignast með henni sjö börn.

Sóldís Kara Vela Grétudóttir

Sóldís útskrifast úr Listaháskóla Íslands í fatahönnun. Þaðan fer hún til Ítalíu og verður þekktur fatahönnuður undir nafninu Sól-design. Hún hasslar sér völl í Suður Kóreu og verður þar aðal fatahönnuður ríkisins. Hún kynnist forríkum manni og eignast eina sjúklega sæta stelpu sem verður dekrud í drasl.

Styrmir Þór Wíum Sveinsson

Styrmir Þór fer í geimvísindi í Háskóla Íslands eftir að hann útskrifast sem stúdent í náttúrufræði og eðlisfræði. Hann fær vinnu hjá NASA í Bandaríkjunum. Hann verður eigandinn að NASA eftir að hafa unnið þar í nokkur ár. Hann verður fyrsti maðurinn til að stíga á Mars fljótlega eftir það stendur hann fyrir reglulegum áætlunarferðum til Mars og endar á því að flytja þangað með eiginkonu og börnum.

Sunna Líf Birgisdóttir


Sunna útskrifast sem myndlistamaður úr Listaháskóla Íslands hún fer svo til Frakklands að freista gæfunnar. Þar tekur sérlundaður milljónamæringur hana undir sinn væng, hjálpar henni að setja á fót listasýningu sem gerir hana fræga á einni nóttu. Hún giftist syni milljónamæringins þau eignast börn og buru og lifa í vellystingum um allan heim.

Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Sigrún um Ásdís

Spurning—(svar) rétt svar

1. Uppáhalds lag? (Money-Cardi B) - Bury a friend 0
2. Uppáhalds dýr? (Kisa) - Kisa 1
3. Uppáhalds matur? (Pizza) - Pizza 1
4. Uppáhalds kennari? (Kolla) - Vilborg 0
5. Uppáhalds fag? (Íþróttir) - Íþróttir 1
6. Uppáhalds söngvari? (Billie Eilish) - Billie Eilish 1
7. Afmælisdagur? (7 Nóvember) - 7 Nóvember 1
8. Stjörnumerki? (Sporðdrekki) - Sporðdrekki 1
9. Hvor er skemtilegri, dan eða stæ? (Danska) - Danska 1
10. Mest pirrandi? (Táfýla) - Sigrún 0
11. Dulinn hæfileiki? (Setja augnhárin sín aftan augnlokin) - Syngja 0
12. Draumaferðin ykkar? (Ítalía) - Ástralía 0
13. Hawaii eða Spánn? (Hawaii) - Hawaii 1
14. Uppáhalds valfag? (skólahreysti) - skólahreysti 1
15. Uppáhalds fatamerki? (Nike) - FILA 0
16. Draumastarf ykkar (flugfreyja) Læknir sem kreistir bólur 0





Ásdís um Sigrúnu

Spurning—(svar) rétt svar

1. Uppáhalds lag? (Bury a friend – Billie Eilish) - idontwannabeyouanymore 0
2. Uppáhalds dýr? (Gíraffi) - Hundur 0
3. Uppáhalds matur? (Hakk og Spagettí) - Grjónagrautur 0
4. Uppáhalds kennari? (Vilborg) - Kolla 0
5. Uppáhalds fag? (Náttúrufræði) - Íþróttir 0
6. Uppáhalds söngvari? (BTS) - Billie Eilish 0
7. Afmælisdagur? (19 ágúst) - 19 ágúst 1
8. Stjörnumerki? (Ljón) - Ljón 1
9. Hvor er skemtilegri, dan eða stæ? (Stæ) - Danska 0
10. Mest pirrandi? (Ásdís) - Smjatt 0
11. Dulinn hæfileiki? (Dansa) - Liðug í puttunum 0
12. Draumaferðin ykkar? (Ástralía) - Ítalía 0
13. Hawaii eða Spánn? (Hawaii) - Hawaii 1
14. Uppáhalds valfag? (skólahreysti) - spilaval 0
15. Uppáhalds fatamerki? (Nike) - Nike 1
16. Draumastarf ykkar (Herlæknir) - Læknir 1

Grettur



Hversu vel þekkir þú SYSTUR þína?

Íris svarar um Aþenu

Spurning—(svar) rétt svar

Afmælisdagur? (4 júlí) 4. júlí

Uppáhalds matur? (Svið) Naut og bernaise

Draumaland? (Hawaii) Hawaii

Draumastarf? (Kennari) Atvinnumaður í

íþróttum

Svartur eða hvítur? (Svartur) Svartur


Uppáhalds söngvar?i (Ed sheeran) Ed Sheeran

Mest pirrandi? (Smjattið) Smjatt og anda hátt

Uppáhalds litur (Blár) Blár

Stjörnumerki (Krabbi) Krabbi

Hvor er klárari (Íris) Aþena



Aþena svarar um Íris

Spurning—svar (rétt svar)

Afmælisdagur? (23. júlí) 23. júlí

Uppáhaldsmatur? (Píta) Píta

Draumaland? (Hawaii) - Hawaii

Draumastarf? (Kennari) Kennari (living the dream)

Svartur eða hvítur? (Svartur) Svartur

Uppáhalds söngvari? (MJ) Michael Jackson



Mest pirrandi? (Smjatt) Smjaaatt

Uppáhalds litur? (Rauður) Rauður

Stjörnumerki? (Ljón) Ljón

Hvort er klárari? (Íris) Íris


Hver segir hvað?







Öskudagur!





Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

-Alhliða pipulagnir

-Lagnamyndavél

-Stiflupjónusta

-Hitamyndavél



pipulogn@pipulogn.is

pipulogn.is

Kveðja frá gömlum umsjónarkennurum

Ég man þegar ég fékk ykkur fyrst í umsjón – þið voruð og eruð kröftugur hópur sem þurfti að hafa fyrir. Þið voruð vel þess virði og ég læri svo ótrúlega margt af ykkur.

Þið vorum metnaðarfull og námsfús og tókuð samræmdu prófin í 4. bekk með trompi enda lögðuð þið mikið á ykkur til að ná árangri þar.

Ég man eftir öllum ferðunum sem við fórum í. Við vorum dugleg að finna leiðir til að brjóta upp skólastarfið og fórum í útiveru í hverri viku Rain or Shine. Við heimsóttum vinnustaði og gengum heim til allra í bekknum og skoðum húsín. Einnig brugðum við okkur af bæ og fórum í bæjarferðir.

Þegar ég fer í gegnum myndirnar sem ég á af ykkur þá yljar mér um hjartarætur og ég minnst lítilla krúttlegra nemenda sem allt í einu eru að útskrifast úr grunnskóla svona líka falleg og stór.

Megi ykkur farnast vel í áframhaldandi námi og starfi. Haldið áfram að vera kröftug og metnaðarfull.

Takk fyrir leyfa mér að vera hluti af ykkar lífi.

ÁST

Erla umsjónarkennari í 2. 3. og 4. bekk.



Öskudagur!

